


LEIÐARVÍSIR FYRIR BROTHER OVERLOCK SAUMAVÉL 4234

Framleiðslunúmer 884-B01



Heimsækið okkur líka á heimasíðunni

<http://solutions.brother.com>

þar getið þið fundið svör við spurningum ykkar.

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þegar þið notið þessa saumavél ber ykkur ávallt að hafa í huga grundvallar öryggisráðstafanir og þar á meðal eftirfarandi: Lesið leiðarvísinn áður en þið byrjið að nota vélina.

HÆTTA

Til að minnka hættuna á rafstuði.

Þið eigið aldrei að skilja þessa vél eftir í sambandi við rafmagn. Takið hana ávallt úr sambandi við rafmagn þegar þið ætlið ekki að nota hana.

VIÐVÖRUN

Til að minnka hættu á bruna, rafstuði eða meiðslum á fólki.

1. Leyfið engum að nota þessa vél sem leikfang. Fylgist vel með ef vélin er notuð af börnum eða nálægt börnum.
2. Notið vélina eingöngu fyrir það sem hún er framleidd til að sauma og lýst er í þessum leiðarvísi. Notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
3. Notið vélina aldrei ef eitthvað sér á rafleiðslum eða tenglum, ef hún vinnur ekki eins og hún á að gera, ef hún hefur dottið eða skemmst, eða komist í samband við vatn. Farið þá með vélina til næsta umboðsaðila og látið yfirfara vélina.
4. Gætið að því að engar loftraufar vélarinnar séu stíflaðar af ló eða öðru. Og það sama á við um loftraufarnar í fótómótstöðunni.
5. Gætið að því að engir smáhlutir séu látnir detta inn um raufarnar.
6. Notið vélina aldrei utanhúss.
7. Notið vélina aldrei nálægt svæðum þar sem unnið er með spraybrúsum.
8. Slökkvið ávallt fyrst á aðalrofanum og setjið hann á 0 og takið rafleiðsluna svo úr sambandi við vegg tengilinn.
9. Aftengið vélina aldrei með því að toga í snúruna - takið ávallt um tengilinn sjálfan.
10. Gætið vel að fingrunum og haldið þeim fjarri öllum hlutum sem hreyfast, og sérstaklega nálægt nálar svæðinu.
11. Notið ávallt rétta stingplötu - röng stingplata getur orsakað nálarbrot.
12. Notið aldrei bognar nálar.
13. Togið ekki í efnið eða ýtið á það - það gæti orsakað nálarbrot.
14. Slökkvið ávallt á aðalrofanum og setjið hann á 0 ef þið eruð að vinna eitthvað í stillingum vélarinnar, eins og þræða vélina, skipta um hnífa, skipta um saumfót og þess háttar.
15. Takið vélina einnig alltaf úr sambandi við rafmagn þegar þið eruð að smyrja vélina eða að framkvæma einhverjar aðrar aðgerðir sem lýst er í leiðarvísi vélarinnar.
16. Ung börn eiga alls ekki að nota þessa vél, nema í góðri umsjá fullorðinna.
17. Það þarf að fylgjast vel með börnum þannig að þau séu ekki að nota vélina sem leikfang.
18. Takið vélina aldrei í sundur - það er starf fyrir viðgerðarmenn sem lært hafa viðgerðir.
19. Ef ljósið bilar (díóðu lýsingin) verður að skipta um það hjá umboðsaðilanum.

ATHUGIÐ

Notið vélina af skynsemi

1. Gætið þess ávallt að fylgjast vel með hreyfingu nálanna, og það sama á við um handhjólið, hnífana og aðra hreyfanlega hluti vélarinnar.
2. Slökkvið ávallt á vélinni við eftirfarandi aðstæður:
 - Þegar þið hafið hætt að nota vélina.
 - Þegar þið eruð að skipta um nálar eða aðra hluti.
 - Ef rafmagnið fer af á meðan þið eruð að nota vélina.
 - Ef þið eruð að hreinsa og smyrja vélina.
 - Farið frá vélinni af einhverjum ástæðum.
2. Gætið þess að setja ekkert þungt ofan á fótómótstöðuna.
3. Tengjið vélina við vegg tengil og notið ekki framlengingarsnúru.
4. Ef vatn hefur komist í samband við vélina, takið hana þá strax úr sambandi við rafmagn og hafið samband við Brother þjónustuna.
5. Látið enga hluti liggja á rafleiðslunni.
6. Togið aldrei í snúruna þegar þið takið vélina úr sambandi við rafmagn.
7. Snertið rafleiðsluna aldrei með blautum höndum.
8. Notið vélina ávallt nálægt vegg tengli.
9. Notið vélina eingöngu á sterkum og stöðugum stað.
10. Ef þið heyrðið einhver hljóð sem þið kannist ekki við, hafið þá samband við Brother þjónustuna.


Lengið líftíma vélarinnar

1. Geymið vélina aldrei þar sem sólin skín, eða á rökum og mjög heitum stöðum.
2. Notið aðeins mildan sápuþvogi til að hreinsa lokið utan af vélinni - notið aðeins mjúkan þurran klút til að hreinsa vélina sjálfa að utanverðu.
3. Gætið þess að missa vélina ekki eða láta hana verða fyrir höggi.
4. Flettið ávallt upp í þessum leiðarvísi þegar við þurfið að skipta um saumfót, nál o.fl. og þið munið ekki alveg upp á 100 hvað þið eigið að nota.

Viðgerðir og stillingar á vélinni

Farið fyrst yfir listann í kaflanum "gangtruflanir og ráð við þeim" til að sjá hvort þið finnið sjálf út úr trufluninni, en að öðrum kosti látið vera að reyna að stilla vélina sjálfa - látið þrautþjálfaða viðgerðarmenn okkar sjá um þá hluti..

"GEYMIÐ LEIÐARVÍSINN Á GÓÐUM STAÐ Þessi saumavél er eingöngu ætluð til nota sem heimilisvél en ekki til iðnaðarnota"

**! ATHUGIÐ**

Þegar þið þurfið að fara frá þessari vél munið þá að slökkva á aðalrofanum og helst að taka vélina úr sambandi við rafmagn.

Það sama á við ef þið eruð að vinna við einhverjar stillingar á vélinni - takið hana þá ávallt úr sambandi við rafmagn.

FYRIR NOTENDUR Í ÍRLANDI BRETLANDI MÖLTU OG KÝPUR

ÞÝÐINGU SLEPPT



FYRIR LÖND MEÐ 220-240V

Þessi vél er ekki ætluð fyrir fólk (eða börn) með takmakaða hreyfigetu eða skerta andlega virkni nema þau séu undir ströngu eftirliti aðila sem kunna vel á vélina og geta fylgst vel með og hjálpað til og tekið ábyrgð á gerðum þeirra.

TIL HAMINGJU MEÐ NÝJU OVERLOCK VÉLINA

Þessi vél er hágæða vél og auðveld í notkun. Til að þið njótið hennar til hins ítrasta biðjum við ykkur að lesa þennan leiðarvísir áður en þið byrjið að sauma á vélina..

Ef þið þarfnast nánari upplýsinga um vélina biðjum við ykkur að hafa samband við umboðsaðila okkar sem gjarnan mun hjálpa ykkur.

Góða skemmtun!

ATHUGIÐ

Gætið þess ávallt að þegar þið skiptið um nálar eða framkvæmið einhverja aðra aðgerð á vélinni þá verðið þið að muna að taka vélina úr sambandi við rafmagn á meðan. Þetta á einnig við þegar þið eruð ekki að nota vélina.

Upplýsingar um mótór vélarinnar


- Hámarks hraði vélarinnar er 1300 spor á mínútu, sem er nokkuð mikið miðað við að hraði á venjulegri heimilis-saumavél er 500-800 spor á mínútu.
- Legur mótorsins eru úr sérstakri "sinter" málmblöndu sem þarfnast lítillar smurningar.
- Samfelld og löng notkun vélarinnar getur orðið til þess að mótörinn hitni dálítið, en það mun samt ekki hafa nein skemmandi áhrif á hann.

Það er nauðsynlegt að halda pappírsögnum og efnisbútum frá opum á hlið og aftan á vélinni þannig að loft komist auðveldlega að til að kæla vélina.

Þegar mótörinn er í gangi gætuð þið séð smá neista í opunum á mótörnum. Þetta eru bara neistar sem kolin geta gefið frá sér og ekkert til að hafa áhyggjur af.

CAUTION:
MOVING PARTS- TO AVOID INJURY:
CLOSE COVER BEFORE SEWING.
UNPLUG BEFORE SERVICING.

CLOSE DOOR BEFORE
OPERATING MACHINE
FERMER LE COUVERT AVANT
D'OPÉRER LA MACHINE








Innihald

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR	I
ÁÐVÖRUNARMÍÐAR (USA OG KANADA)	

III Innihald

.....	1
Kafli 1: Nöfn á hlutum vélarinnar og hvað þeir gera.....	2
Fylgihlutir.....	3
Vélin tengd við rafmagn.....	4
Snúningsátt handhjólans.....	4
Opna / loka lokinu framan á vélinni.....	4
Saumfótur settur á og tekinn af.....	4
Afskurðarskúffa.....	5
Fríarmurinn (fjarlægja hólfíð fyrir aukahlutina).....	5
Aukaborð.....	5
Hnífarnir.....	6
Sporlengdin.....	6
Sporbreiddin.....	6
Mismunaflutningurinn.....	7
Þrýstingur á saumfót.....	7
Tvinnaspennan.....	8
Tafla um tvinnastillingar, Tvær nálar (fjórir þræðir).....	9
Tafla yfir tvinnastillingar, Ein nál (þrír þræðir).....	10
Tafla yfir tvinnastillingar, Ein nál (tveir þræðir).....	10
Nálarnar.....	11
Nál fjarlægð / sett í vélna.....	11
Kafli 2 Undirbúningur fyrir þræðingu.....	12
Tvinnastóll.....	12
Hvernig á að nota skífurnar fyrir tvinnakeflin.....	12
Hvernig á að nota tvinnanetin.....	12
Fyrir þræðingu.....	12
Kafli 3: Þræðing.....	13
Þræðing fyrir tveggja nála fjögurra þráða overlock.....	13
Þræðing fyrir einnar nála, þriggja þráða overlock (hægri nálin).....	13
Þræðing fyrir einnar nála, þriggja þráða overlock (vinstri nálin).....	13
Þræðing fyrir einnar nála, tveggja þráða overlock (hægri nálin).....	14
Þræðing fyrir einnar nála, tveggja þráða overlock (vinstri nálin).....	14
Þræðing á neðri gríparanum.....	14
Þræðing á efri gríparanum.....	16
Þræðing á vinstri nálinni.....	17
Þræðing á hægri nálinni.....	17
Þræðing á nál (með því að nota þræðara fyrir nálina).....	18
Kafli 4: Tafla fyrir samanburð á efnum, tvinna og nálum.....	19
Kafli 5: Saumað.....	20
Val á tegund saums.....	20
Prufusaumur.....	20
Keðjað út fyrir saumfótinn.....	21
Byrjað að sauma.....	21
Fjarlægja efnið úr vélinni.....	21
Ganga frá keðjunni.....	22
Ef tvinninn slitnar í miðjum saum.....	23
Fín og þunn efni saumuð.....	23
Notkun á saumfingri W.....	23
Tveggja þráða saumur.....	24
Mjótt overlock / rúllufaldur.....	25
Tafla yfir mjótt overlock / rúllufalda.....	26
Kafli 6: Gangtruflanir og ráð við þeim.....	27
Kafli 7: Viðhald.....	28
Hreinsun á vél.....	28
Smurning á vél.....	28
Kafli 8: Kynning á fáanlegum aukafótum.....	29
Blindsaumsfótur.....	29
Bendla og teygjufótur.....	31
Perlubandafótur.....	32
Miðseymisfótur.....	33
Rykkingarfótur.....	34
Tæknilegar upplýsingar.....	35
Tæknilegar upplýsingar.....	35
Minnisblað fyrir stillingar.....	Innan á bak kápu

KAFLI 1 NÖFN Á HLUTUM OG HVAÐ ÞEIR GERA



- ① Tvinnastóll
- ② Stilliskrúfa fyrir þrýsting á saumfót
- ③ Keflispinni
- ④ Stuðningur fyrir kóna
- ⑤ Lok yfir þráðgjafa
- ⑥ Nálar
- ⑦ Framlenging á borði
- ⑧ Saumfótur
- ⑨ Innra saumaborð
- ⑩ Tvinnaspenna fyrir vinstri nál⑪
Tvinnaspenna fyrir hægri nál⑫
Tvinnaspenna fyrir efri grípara⑬
Tvinnaspenna fyrir neðri grípara
- ⑭ Fremra lok
- ⑮ Fótlyftir fyrir saumfót
- ⑯ Aðalrofi og rofi fyrir ljós
- ⑰ Stiillir fyrir sporlengd
- ⑱ Handhjól
- ⑲ Stiillir fyrir mismunaflutning
- ⑳ Stiillir fyrir sporbreidd
- ㉑ Tvinnastýring

Fyrir innan fremra lokið

<A> Pinsetta (töng)

- ② Handfang fyrir neðri grípara
- ③ Þráðgjafi fyrir grípara
- ④ Efri grípari
- ⑤ Efri hnífur
- ⑥ Neðri grípari
- ⑦ Sauma fingur
- ⑧ Armur fyrir hníf
- ① Hólf í fremra loki

Hægt er að geyma fylgihluti í þessu hólf. Tvinnaspenna, <C> Nálar, <D> 6-kant lykill

- ② Hólf í framlengingarborði

Hér er hægt að geyma sauma fingurna (Sjá KAFLA 5 "mjótt overlock /rúllufaldur")


<E> Saumafingur, <F> Saumafingur W

* Loftrásir (að aftan)

Fylgihlutir

sem fylgja með vélinni


- ① Mjúk yfirbreiðsla: X77871000
- ② Poki fyrir aukahluti: 122991052
- ③ Pinsetta (töng): XB1618001
- ④ Tvinnanet (4): X75904000
- ⑤ Skífur fyrir tvinnakefli (4): X77260000
- ⑥ Bursti: X75906001
- ⑦ 6-kant lykill: XB0393001
- ⑧ Nálar (SCHMETZ 130/705H): X75917001
- #80: 2 stk., #90: 2 stk.,
- ⑨ Fótmótstaða:
 - XC7359021 (120V svæði)
 - XC7438321 (230V svæði)
 - XC7456321 (U.K.)
 - XD0112121 (Argentina)
 - XD0852021 (Kórea)
 - XD0105021 (Kína)
 - XE0629001 (Ástralía, Nýja Sjáland)
 - XE3414001 (Brasilía)
- ⑩ Kynnigar DVD: XB2007001 (NTSC)
XB2014001 (PAL)
- ⑪ Tvinna breytisett: XB1991001
- ⑫ Afklippuhólf: XB1958001
- ⑬ Spora finger W: XB1902001




Aukalega fáanlegir hlutir

Meiri upplýsingar um þessa hluti í KAFLA 8


- ⑭ Blindsaumsfótur: X76590002




- ⑮ Rykkingarfótur:
SA213 (U.S.A., KANADA)
X77459001 (AÐRIR)



- ⑯ Perlubandafótur:
SA211 (U.S.A., KANADA)
X76670002 (AÐRIR)




- ⑰ Miðseymisfótur:
SA210 (U.S.A., KANADA)
XB0241101 (AÐRIR)



- ⑱ Bendla og teygjufótur:
SA212 (U.S.A., KANADA)
X76663001 (AÐRIR)



- ⑲ Breitt borð: XB2023001
Í sumum löndum fylgir þetta með
sem staðalbúnaður.



Einnig er hægt að nota þetta borð sem geymsluhólf.


Stærð:

35 cm (B) x 25.5 cm (D)

Vélin tengd við rafmagn


Kveikt á vélinni

1. Setjið þriggja punkta tengilinn á snúrunni í tengilinn neðantil á hægri hlið vélarinnar og hinn endann við veggtegil.
2. Kveikið síðan á aðalrofanum með því að snúa honum á "I" merkið á rofanum.




Vélin sett í gang

Þegar þið stígið lauslega á fótstöðuna fer vélin hægt í gang. Þeim mun fastar sem þið stígið á fótstöðuna mun vélin sauma hraðar. Sleppið fætinum af fótstöðunni og þá stöðvast vélin.



Snúningsáttin á handhjólinu

Handhjólið <A> á að snúa rangsælis (sjá örina) og það er eins og er á venjulegum heimilis saumavélum. Nálar eru í efstu stöðu þegar merkið er á móts við línuna á vélinni.




Opna og loka fram lokinu

Það er nauðsynlegt að opna lokið framan á vélinni til að þræða vélna. Rennið því til hægri ① til að opna og til vinstri ②, til að loka því.

ATHUGIÐ


Gætið að því að hafa lokið framan á vélinni alltaf lokað þegar vélin er í gangi..

Slökkvið alltaf á vélinni áður en þið opnið lokið.




Saumfótur settur á og/eða fjarlægður

1. Slökkvið á vélinni eða takið hana úr sambandi við rafmagn.
2. Lyftið saumfætinum. ①
3. Snúið handhjólinu ② þannig að merkið á því sé á móts við línuna á vélinni sjálfri. (Sjá KAFLA 1 snúningsátt á handhjóli)
4. Ýtið á hnappinn á fótöldunni og við það losnar saumfóturinn. ③ ④
5. Lyftið saumfætinum hærra með því að ýta aðeins meira á fótlyftinn upp á við. Fjarlægið síðan saumfóttinn og setjið hann í örugga geymslu.
6. Lyftið fótstönginni aftur eins hátt og þið getið. Setjið nýja saumfóttinn síðan undir fótölduna <A> þannig að raufin neðan á fótöldunni sé beint fyrir ofan pinnann á saumfætinum <C>. Lækkið fótstöngina þannig að fótaldan grípi í pinnann á fætinum og ýtið á hnappinn á saumfætinum.



Afklippuhólf

Aukalega afklippuhólfíð <A> tekur á móti ræmunum sem vélin klippir af efnunum.



Hólfíð sett á:

Setjið hólfíð <A> þannig að það snerti lokið framan á vélinni.

ATH:


Gætið þess að stýringin falli í raufina á vélinni.

Hólfíð fjarlægt:

Togið varlega í hólfíð.

ATH:

Hólfíð er einnig hægt að nota sem geymslustað. fyrir fótómótstöðuna.




⚠ ATHUGIÐ

Fjarlægið fótómótstöðuna alltaf úr hólfinu áður en þið gangið frá vélinni eða haldið á vélinni.

Fríarms saumur (fjarlægið vinnuborðið)

Með fríarms saum er auðveldara að sauma hólklaga flíkur.


1. Fjarlægið framlenginguna á vinnuborðinu <A>.



ATH:

Gætið þess þó að tína ekki framlengingunni.

2. Staðsetjið efnið og byrjið að sauma. (sjá KAFLA 5.)




Breitt borð

Með því að nota breiða borðið <A> er þægilegra að sauma stærri flíkur.


Borðið sett á vélina:

Setjið breiða borðið <A> á vélina með því að ýta því eins og örin sýnir þar til brúnin á því ① sé á mótis við línuna ② á framlengingu vinnuborðsins .



Borðið fjarlægt:

Til að fjarlægja borðið <A>, líftið það vélinni aðeins og tugið breiða borðið frá henni eins og örin sýnir.



ATH:

Færið vélina ekki úr stað á meðan breiða borðið er tengt við hana.

Hnífurinn úr sambandi

Til að sauma án þess að klippa jaðarinn á efninu þá takið þið hnífurinn úr sambandi á eftirfarandi hátt.


ATHUGIÐ

Snertið ekki sjálfan hnífurinn.


Færið hnífhölduna aðeins þegar hnífurinn er í neðstu stöðu.

Takið vélina úr sambandi við rafmagn þegar þið framkvæmið þetta.


1. Togið í arminn <A>, og togið hann síðan til hægri.



2. Komið honum síðan í neðri stöðuna.




3. Takið hnífurinn alveg úr sambandi og takið höndina síðan af arminum.



Sporlengdin


Venjulega sporlengdin er 3 mm. Til að breyta henni snúið þið sporlengdarstillinum á hægri hlið vélarinnar.



- ① Þið getið stýtt sporið niður í 2 mm.
 - ② Og þið getið lengt það upp í hámark 4 mm.
- <A> Viðmiðunarmerki.

Sporbreiddin

Venjulega sporbreiddin fyrir venjulegan overlock saum er 5mm. Til að breyta sporbreiddinni snúið þið sporbreiddarstillinum framan til á vélinni.



- ① Aukið breiddina í allt að 7 mm.
 - ② Minnkið breiddina í allt að 5 mm.
- <A> Viðmiðunarmerki

Mismunaflutningur


Þessi overlockvél er með tvo aðskilda flytjara undir saumfætinum til að flytja efnið. Mismunaflutningur byggir á því að fremri flytjarinn flytur efnið örar eða þjappar því örar undir saumfótinn en aftari flytjarinn sem tekur ekki eins langa hreyfingu. Þegar þeir eru stilltir á 1 þá taka báðir flytjararnir jafnlanga hreyfingu. Þegar mismunaflutningurinn er stilltur á lægri tölu tekur fremri flytjarinn styttri hreyfingu en sá aftari sem orsakar að þeir teygja á efninu. Þetta getur verið gott á mjög þunn efni, sem vilja rykkjast. Þegar flutningurinn er hins vegar stilltur á hærra en 1 þá þjappar fremri flytjarinn efni undir saumfótinn en sá aftari fer styttri hreyfingu og þetta er mjög gott fyrir þrjónuð efni.

Stillingar á mismunaflutningi

Hlut-fall	Aftari flytjari	Fremri flytjari	Áhrif	Notist við
0.7 - 1.0			Aðeins togað í efnið.	Forðar að þunn efni rykkist
1.0			Alveg án mismuna-flutnings.	Venjuleg þéttofin efni
1.0 - 2.0			Efninu er þjappað saman áður en það er saumað.	Forðar að teygist á teygjanlegum efnum og að þau komi út bylgjulaga

Venjulega stillingin er 1.0 á mismunaflutningnum.


Til að breyta honum, snúið þið stillinum sem er neðarlega á hægri hliðinni.



① Minna en 1.0 ② Meira en 1.0
<A> Viðmiðunarmerki

Dæmi

Ef teygjanleg efni eru saumuð án mismunaflutnings þá mun jaðarinn verða öldulaga.



Til að ná fram fallegum árangri stillið þið mismunaflutninginn á milli 1.0 og kanski alveg að 2.0. (Þetta fer allt eftir teygjanleika efnisins sem verið er að sauma.)

Þeim mun teygjanlegri sem efnin eru þeim mun nær 2.0 þarf að stilla mismunaflutninginn. Saumið ávallt prufu-saum ef þið hafið afgangsbúta af efninu.


ATHUGIÐ

Ef þið saumið þykkt óteygjanleg efni eins og t.d. denim þá eigið þið alls ekki að nota mismunaflutning því það gæti skemmt efnin.

Þrýstingur á saumfót stilltur

Hann er stilltur með skrúfunni ofan á fótstönginni vinstra megin á vélinni.


Venjulega stillingin er "2".



① Minni þrýstingur
② Meiri þrýstingur
<A> Viðmiðunarlína

Tvinnaspennurnar

Það eru fjórar tvinnaspennur á vélinni tvær fyrir nálartvinnana, og tvær fyrir gríparana. Stilling á þeim getur verið mjög mismunandi og fer eftir þykkt og gerð efnanna sem þið eruð að sauma, svo og eftir gerð tvinnanna eða garnsins sem þið notið í gríparanna. Þið gætuð þurft að stilla þær í hvert sinn sem þið skiptið um efni.




- ① Spenna fyrir vinstri nál - merkt gul.
- ② Spenna fyrir hægri nál - merkt græn.
- ③ Spenna fyrir efri grípara - merkt bleik.
- ④ Spenna fyrir neðri grípara - merkt blá.

Tvinnaspennan stillt

Í flestum tilfellum er hægt að sauma með spennurnar stíltar á "4".

Ef gæði saumsins er ekki nægjanlegt getið þið breytt um stillingu á tvinnaspennunum.



<A> Viðmiðunarmerki fyrir stillingar

- ① Fyrir stífa spennu: 4 til 7
- ② Fyrir veika spennu: 4 til 2
- ③ Fyrir meðal spennu: 5 til 3


Ef þið lendið í vandræðum með tvinnaspennurnar farið þá í töflurnar á næstu blaðsíðum.

ATHUGIÐ

Fullvissið ykkur um að tvinnarnir og/eða garnið sé alltaf á milli skífanna í spennunum.

Tafla fyrir stillingar á tvinnspennunum, tveggja nála, fjögurra þráða

A: Rangan B: Réttan C: Vinstri nálin D: Hægri nálin E: Efri gríparinn F: Neðri gríparinn



Þegar þið stillið tvinnspennurnar gerið það þá í þessari röð:

- (1) Vinstri nálartvinni
 - (2) Hægri nálartvinni
 - (3) Efri gríparatvinni
 - (4) Neðri gríparatvinni
- Þetta er auðveldasta leiðin til að ná fram réttri tvinnspennu.

Tafla fyrir stillingar á tvinnaspennunum, Ein nál - þrír þræðir







A: Rangan

B: Réttan


C: Nálartvinni

D: Efri gríparatvinni

E: Neðri gríparatvinni




Nálartvinninn er of laus.




Herðið á spennu fyrir nálartvinnna (gul eða græn)




Nálartvinninn er of stífur




Losið á spennu fyrir nálartvinnna (gul eða græn)




Efri grípari tvinninn er of stífur




Losið á spennu fyrir efri grípara (bleik)




Neðri grípari tvinninn er of laus



Herðið á spennu fyrir neðri grípara (blá)




Efri grípari Tvinninn er of laus




Herðið á spennu fyrir efri grípara (bleik)




Neðri grípari Tvinninn er of stífur




Losið á spennu fyrir neðri grípara (blá)



Efri grípari tvinninn of laus





Herðið á spennu fyrir efri grípara (bleik)



Neðri grípari tvinninn of laus



Herðið á spennu fyrir neðri grípara (blá)



Þegar þið stillið tvinnaspennurnar gerið það þá í þessari röð:

- (1) Nálartvinni
- (2) Efri gríparatvinni
- (3) Neðri gríparatvinni

Þetta er auðveldasta leið til að ná sem bestum árangri.




Tafla yfir stillingar á tvinnaspennum, Ein nál - tveir þræðir

A: Rangan

B: Réttan


C: Nálartvinni

D: Neðri gríparatvinni




Nálartvinninn er of stífur.


Neðri gríparatvinni er of laus.



Losið spennuna á nálartvinnna. (gul eða græn)




Herðið á neðri gríparatvinnna (blá)



Nálartvinninn er of laus



Neðri gríparatvinni er of stífur



Herðið á nálartvinnnanum (gul eða græn)



Losið spennuna á neðri gríparatvinnna (blá)




Nálarnar

Í þessa vél á að nota nálar fyrir venjulegar heimilis saumavélar.

Við mælum með nálum frá SCHMETZ 130/705H (#80 eða #90).


Lýsing á nál

- ① Að aftan (flatur kantur) ② Að framan ③ Rauf




Hvernig athugar maður nálina

- ④ Flatur kantur
⑤ Setjið nálina á flatann flöt og látið flata kantinn á nálinni snúa niður til að sjá hvort bilið sé alls staðar jafnt.



ATH:

Hér sést að nálin getur skemmt efnið <A>.




Í sumum tilfellum getur borgað sig að nota nálar með kúluoddi SCHMETZ 130/705H SUK (#90).

Nálin set í og fjarlægð

<A> Fjarlægja/ setja nýja vinstri nál

 Fjarlægja/setja nýja hægri nál



① Herða

② Losa

Fjarlægja nál:

1. Slökkvið á aðalrofa vélarinnar.
2. Snúið handhjólinu þannig að merkið á handhjólinu sé á móts við línuna á vélinni. (Sjá KAFLA 1 "Snúningsátt handhjólsins".)
3. Losið um viðeigandi festiskrúfu með því að snúa 6-kant lyklinum í átt að ② á myndinni og fjarlægjið nálina.


Setja nýja nál í:

1. Slökkvið á aðalrofa vélarinnar.
2. Snúið handhjólinu þannig að línun á handhjólinu sé á móts við línuna á vélinni sjálfri.
3. Haldið þannig á nálinni að flati kanturinn snúi frá ykkur og setjið nálina í nálarhölduna eins langt og hún kemst.
4. Herðið skrúfuna með 6-kant lyklinum með því að snúa honum í átt að ① á myndinni.

ATH:

Fullvissið ykkur um að þið hafið sett nálarnar eins hátt og þær komast í nálahölduna.

Ef nálarnar eru rétt settar í vélina þá er hægri nálin aðeins lægri en vinstri nálin.



ATHUGIÐ

Gætið þess ávallt að slökkva á aðalrofa vélarinnar þegar þið skiptið um nálar.


Gætið að því að missa ekki skrúfurnar úr nálarhöldunni ofan í vélina.

KAFLI 2 UNDIRBÚNINGUR FYRIR ÞRÆÐINGU

Tvinnastóllinn


Togið tvinnastóllinn beint upp á við eins langt og hægt er. Fullvissið ykkur að tvinnaraufarnar efst séu beint fyrir ofan tvinnakeflin eins og sýnt er að neðan.

- ① Tvinnaraufar á tvinnastólnum
- ② Keflisþinnar
- ③ Rétt afstaða



Skífan ofan á tvinnakeflin

Þegar þið notið venjuleg tvinnakefli er nauðsynlegt að nota skífur ofan á keflið eins og sýnt er hér að neðan. Verið viss um að raufin á keflinu snúi niður.



① TSkífa á tvinnakefli

Hvernig á að nota tvinnanetin


Ef þið eruð að sauma með lausofnum og hálum tvinna, þá mælum við með því að þið notið tvinnanet sem fylgir vélinni, en þau koma í veg fyrir að tvinninn renni af keflinu.

Aðlagið netið að lögun keflanna.





Fyrir þræðingu



1. Slökkvið á aðalrofanum áður en þið byrjið að þræða.



2. Lyftið saumfætinum með fótlyftinum.




3. Snúið handhjólinu svo að merkið á því A> sé beint á móti línunni á vélinni. (Sjá nánar í KAFLA 1 "Snúningsátt á handhjólinu".)




KAFLI 3 ÞRÆÐING


Þræðing fyrir tveggja nála,
fjögurra þráða overlock




Þræðing fyrir einnar nála, þriggja
þráða overlock (hægri nál)




Þræðing fyrir einnar nála, þriggja
þráða overlock (vinstri nál)



Þræðing fyrir einnar nála, tveggja þráða overlock (hægri nál)



Þræðing á einnar nála, tveggja þráða overlock (vinstri nál)




Þræðingar á að framkvæma í þessari röð:

1. Neðri grípari
2. Efri grípari
3. Vinstri nál
4. Hægri nál

Þræðing á neðri grípara

Þræðið tvinnann í þeirri röð sem sýnt er og farið eftir bláu merkingunum og númerunum sem eru nálægt hverri þræðilykkju.



1. Opnið lokið framan á vélinni með því að renna því til hægri og halla því síðan að ykkur.
2. Togið tvinnna af keflinu og farið með hann beint upp í þræðinguna á tvinnastólum ① og þaðan í raufina ② á tvinnastólum aftan frá og fram á við.
3. Þræðið síðan í þræðilykkjuna ③ ofan á vélinni.
4. Þaðan farið þið síðan í tvinnaspennuna ④ sem er í raufinni hjá bláa tvinnastillinum.

5. Þræðið tvinnann niður raufina og farið með tvinnann í þræðistaði ⑥⑦⑧ við hliðina á bláu merkingunum og í töluröð.


ATH:

Fullvissið ykkur um að þið þræðið í báða þráðgjafana. ⑦

Haldið nú áfram með neðri gríparann.

Auðveld þræðing á neðri grípara

1. Rennið armi <A> fyrir þræðingu á neðri grípara til hægri.
Neðri gríparinn fer þá í stöðuna sem sýnd er hér fyrir neðan.




! ATHUGIÐ


Rennið þræðiarminum aðeins í þær áttir sem sýndar eru með örinni. Áreynsla og átök í aðra átt geta bara skemmt arminn.

Áður en þið rennið þræðiarminum fyrir neðri gríparann, fullvissið ykkur um að nálarnar séu í efstu stöðu.


2. Þræðið tvinnann eins og myndin sýnir.



3. Þræðið svo í gegn um augað á gríparanum.



4. Snúið handhjólínu síðan hægt, og fullvissið ykkur um að neðri gríparinn fari aftur í sína upprunalegu stöðu.



ATH:

Ef neðri gríparaþráðurinn slitnar á meðan saumað er, klippið þá tvinnana og fjarlægið úr báðum nálunum.


Áður en þið þræðið neðri gríparann á ný, fullvissið ykkur um að þræðing á neðri gríparanum sé framkvæmd nákvæmlega eftir þræðimyndinni. Vélin mun ekki vinna rétt ef þræðingin er ekki gerð í réttri röð og 100% rétt.

! ATHUGIÐ

Þræðið nálarnar eftir að þið hafið þrætt báða gríparana.

Þræðing á efri grípara

Þræðið tvinnann í þeirri röð sem sýnt er hér að neðan og farið eftir bleiku þræðingunni og númerunum á þeirri leið.




1. Opnið lokið framan á vélinni og hallið því fram á við.
2. Togið tvinna af keflinu og síðan beint upp í arminn á tvinnastólnum ① og áfram í seinni raufina á tvinnastólnum ② aftan frá og fram á við.
3. Þræðið síðan í gegn um þræðistýringuna ③ ofan á vélinni.
4. Síðan í tvinnaspennuna ④ sem er í raufinni við hliðina á bleiku tvinnaspennunni.

5. Farið með tvinnann niður eftir raufinni og í þræði-augun ⑤⑥⑦⑧ við hliðina á bleiku merkjunum og númerunum fyrir þræðingarnar.

ATH:

Gætið þess að þræða aðeins í þráðgjafann fyrir efri tvinnann ⑦


6. Síðan þræðið þið í gegn um augað á efri griparanum ⑨




- Slökkvið alltaf á aðalrofanum þegar þið vinnið við þræðingar
- Snúið handjólínu þannig að merkið á handjólínu sé á móts við línuna á vélinni sjálfri.

Þræðing á vinstri nál

1. Rennið breytirofanum <A> til vinstri þar til hann er á móts við "L" merkið á vélinni.



2. Þræðið tvinnann í þeirri röð sem sýnt er á myndinni. Fylgið gula litnum og númerum sem eru við þræðipunktana.




- a) Togið tvinnann af keflinu og beint upp í gegn um fyrri þræðirauфина ① og síðan í þá seinni ② á tvinnastólnum aftan frá og fram á við..
- b) Haldið á tvinnanum með vinstri og hægri hendi og farið næst með hann í þræðistýringu ③, og þaðan í tvinnaspennuna ④ sem er í raufinni við hliðina á gulu tvinnaspennunni.
- c) Farið síðan með tvinnann niður eftir raufinni og þaðan í þræðistýringar ⑤ ⑥ ⑦ sem eru við hliðina á gulu merkjunum og númerunum (sjá teikningu hér að ofan).

ATH:


Gætið að því að tvinninn fari vinstra megin við stýringuna .

Þræðing á hægri nál

1. Rennið breytirofanum <A> til hægri þar til hann er á móts við "R" merkið á vélinni.



2. Þræðið tvinnann í þeirri röð sem sýnt er á myndinni. Fylgið græna litnum og númerum sem eru við þræðipunktana.



- a) Togið tvinnann af keflinu og beint upp í gegn um fyrri þræðirauфина ① og síðan í þá seinni ② á tvinnastólnum aftan frá og fram á við.
- b) Haldið á tvinnanum með vinstri og hægri hendi og farið næst með hann í þræðistýringu ③, og þaðan í tvinnaspennuna ④ sem er í raufinni við hliðina á grænu tvinnaspennunni.
- c) Farið síðan með tvinnann niður eftir raufinni og þaðan í þræðistýringar ⑤ ⑥ ⑦ sem eru við hliðina á grænu merkjunum og númerunum (sjá teikningu hér að ofan).


ATH:

Gætið að því að tvinninn fari hægra megin við stýringuna .

Þræðing á nál (með því að nota þræðarann)

Hægt er að þræða nálina á fljótlegan hátt með því að nota þræðarann.


1. Lækkið saumfótinn með fótlyftinum ①.




2. Togið endann á tvinnanum sem fór í gegn um tvinnastýringuna á nálstöng ② til vinstri, og síðan í hakið á stýringu ③ og togið tvinnann framan frá og setjið hann í raufina á tvinna-skífunum ④.

ATH:


Fullvissið ykkur um að tvinninn fari hjá hakinu á stýringu ③.



3. Klippið tvinnann með tvinnaðhnífunum ⑤ á vinstri hlið vélarinnar.




4. Ýtið þræðara-árinum sem er vinstra megin á vélinni niður ⑥ eins langt og hann kemst.




Tvinninn fer nú í gegn um augað á nálinni.

5. Sleppið árinum fyrir þræðarann ⑥.

6. Togið lykkjuna nú varlega í gegn um nálaraugað til að ná í endann.



7. Lyftið saumfætinum ①, og togið tvinnaendann í gegn um saumfótinn, og togið u.p.b. 5cm aftur undan fætinum.



KAFLI 4

TAFLA YFIR EFNI, TVINNI OG NÁLAR

Efni	Saumur	Sporlengd (mm)	Tvinni	Nál
Fín og þunn efni: Georgette Þunnt léreft Organdy Trikot	Overlock	2.0 - 3.0	Spunninn #80 - 90 Baðmull #100 Glóþráður #80 - 100	SCHMETZ 130/705H #80
Fín og þunn efni: Georgette Þunnt léreft Organdy Trikot	Mjótt overlock Rúllufaldur	R - 2.0	Nálartvinni: Spunninn #80 - 90 Glóþráður #80 - 100 Grípara tvinni: Ullarkenndur nylon tvinni Spunninn #80 - 90 Glóþráður #80 - 100	SCHMETZ 130/705H #80
Meðal gróf efni: Þéttofinn dúkur Gabardin Ullardúkur	Overlock	2.5 - 3.5	Spunninn #60 - 80 Baðmull #60 - 80 Glóþráður #60 - 80	SCHMETZ 130/705H #80 #90
Meðal þykk efni: Þéttofinn dúkur	Mjótt overlock Rúllufaldur	R - 2.0	Nálartvinni: Spunninn #60 - 80 Glóþráður #60 - 80 Grípara tvinni: Ullarkenndur nylon tvinni Spunninn #60 - 80 Glóþráður #60 - 80	SCHMETZ 130/705H #80 #90
Gróf og þykk efni: Tweed Denim Þrjón	Overlock	3.0 - 4.0	Baðmull #50 - 60 Spunninn #60 Glóþráður #50 - 60	SCHMETZ 130/705H #90

ATH:

Skrautlegur tvinni hentar best í efri gríparann fyrir tiskufatnað.

KAFLI 5 SAUMAÐ


Val á overlocksaum

Veljið þann saum sem þið ætlið að nota. Þessi vél getur saumað fimm mismunandi overlock-saumum sem þið getið valið um:

Fjögurra þráða overlock

Notið alla fjóra þræðina og báðar nálina til að sauma fjögurra þráða overlock saum.

Notist við: Mjög sterkur saumur, hentar vel fyrir þrjón og einnig ofin efni.




Þriggja þráða overlock 5 mm.

Notar þrjá þræði og vinstri nálina sem býr þá til 5 mm. breiðan saum.

Notist við: Overlock sauma á fatnað, blússur, buxur o.s.frv. Hentar vel fyrir meðal og þykk efni.

ATH:

Fjarlægjið hægri nálina þegar þið notið þennan saum.




Þriggja þráða overlock 2.8 mm.

Notið þrjá þræði og hægri nálina til að sauma 2,8 mm. breiðan overlock saum.

Notist við: Overlock á fatnað, blússur, buxur o.a.frv. Hentar vel fyrir þunn og meðal efni.

Fjarlægjið vinstri nálina þegar þið notið þennan saum.



Tveggja þráða overlock 5 mm.

Notið tvo þræði og vinstri nálina sem býr þá til 5 mm. sauma.

Notist við: Kastsaum á fatnað, blússur, buxur o.fl. Hentar vel fyrir meðal til gróf efni.

ATH:

Fjarlægjið hægri nálina þegar þið notið þennan saum.



Tveggja þráða overlock 2,8 mm.

Notið tvo þræði og hægri nálina til að sauma 2,8 mm. overlock.

Notist við: Overlock á fatnað, blússur, buxur o.fl. og hentar vel á þunn, fínna og meðal efni.


ATH:

Fjarlægjið vinstri nálina þegar þið notið þennan saum.



Mjór overlock saumur 2,0 mm og rúllufaldur 2,0 mm.

Notið sem skrautsaum eða frágangssaum. Sjá nánar "Mjött overlock/rúllufaldur" í þessum kafla.




ATH:

Þið getið notað aukalega fánlegan saumfót til að sauma fleiri afbrigði af saumum. Sjá nánar í KAFLA 8.

Prufusaumur


1. Stillið tvinnaspennurnar sem hér segir:
<Fyrir fjögurra og þriggja þráða overlock >
Stillið allar tvinnaspennurnar á "4".
<Fyrir einnar nála, tveggja þráða overlock>
Stillið nálarspennuna á "2".
Stillið neðri gríparaspennuna á "6".
(Sjá "töfluna fyrir tveggja þráða overlock" í þessum kafla.)
2. Þræðið vélina og togið og látið u.þ.b. 15 cm enda standa aftur undan saumfætinum.




3. Setjið smábút af afgangsefni undir saumfótinn til að sauma prufusaum.

ATH

Lyftið saumfætinum áður en þið setjið efnið undir fótinn. Þið getið ekki byrjað að sauma fyrr en þið hafið sett efnið undir fótinn, það er ekki nóg að setja það fyrir framan fótinn.




4. Haldið við tvinnana með vinstri hendi og snúið handhjólinu nokkrum sinnum fram á við til að láta byrjunartvinnana fléttast saman áður en þið stigið á fótmoststöðuna.



Keðjað af

Eftir prufusauminn, stigið áfram á fótmoststöðuna og látið vélina keðja lykkjurnar ca. 10 cm aftur undan fætinum. Tvinnarnir fléttast sjálfkrafa saman undir fætinum.




ATH:


Ef tvinnaspennurnar eru ekki rétt samhæfðar þá verður keðjan ójöfn. Ef þetta kemur fyrir togið þá lauslega í keðjuna. Farið yfir tvinnaspennurnar og lagið ef nauðsyn krefur til að ná fram jafnri og fallegri keðjun. (Sjá nánar í KAFLA 1 "Spennan stillt".)

Byrjað að sauma

1. Þræðið vélina og togið alla tvinnaendana u.þ.b. 15 cm aftur undan fætinum.




2. Lyftið saumfætinum og setjið efnið vel undir hann áður en þið byrjið að sauma. Saumið fyrstu sporin hægt með því einu að snúa handhjólinu.
3. Vélin flytur svo efnið sjálfkrafa. Þið þurfið aðeins að stýra því undir saumfótinn.
4. Athugið hvernig vélin keðjar tvinnana saman og að sporið sé jafnt. Ef sporið er ekki jafnt farið þá yfir þræðingar og tvinnaspennur.
5. Látið efnið renna með hliðsjón af efnisstýringunni (3) til að stjórna því hversu mikið vélin klippir af efninu áður en hún saumar þau saman. Strikin á stýringunni eru 10, 13, 16 og 25 mm. Þegar sporbreiddin er stillt á "5".



- ① Saumfótur ② Efri hnífur ③ Efnisstýring

Efnið fjarlægst

Að saum loknum látið þið vélina ganga nokkur spor á hægum hraða til að keðja tvinnana saman. Klippið keðjuna síðan u.þ.b. 5 cm frá efnisjaðrinum. Ef vélin flytur keðjuna ekki nógu vel, þá togið aðeins í keðjuna um leið og vélin fléttar hana saman.



Ganga frá keðjunni


Um er að ræða tvær aðferðir til að ganga frá keðjunni.

Aðferð 1

Gangið frá keðjunni í byrjun og enda saums með vélinni sjálfri..


Við byrjun saums

1. Saumið nokkur spor, eftir að hafa keðjað af u.þ.b. 5 cm.
2. Stöðvið vélina og lyftið saumfætinum.
3. Klippið keðjuna undir saumfætinum og saumið yfir hana með því að sauma yfir hana um leið og þið togið hana að ykkur.
4. Eftir að hafa saumað nokkur spor klippið þið umfram keðjuna með hnífnum eins og myndin sýnir.




Við lok saums


1. Við lok saums saumið þið eitt spor fram af efninu áður en þið stöðvið vélina.



2. Lyftið saumfætinum og nálunum, og snúið efninu síðan við.



3. Lækkið nálarnar og saumfótinn á sama stað.
4. Saumið yfir sauminn á efninu og gætið þess bara að láta vélina ekki klippa utan af honum.
4. Eftir að hafa saumað nokkur spor saumið þið út af efnisjaðrinum eins og sýnt er.




6. Klippið lykkjuna með skærum.


Aðferð 2

Með þessari aðferð er hægt að ganga frá byrjunar og enda lykkjum á sama hátt.


1. Hnýtið endana sem ekki eru í keðjunni.



2. Þræðið tvinnana í handsaumanál með stóru auga og þræðið hana síðan inn í lykkjurnar á enda og byrjun saumsins.




3. Setjið síðan dropa af efnislími og klippið umfram tvinnann eftir að límið þornar.



Ef tvinninn slitnar í saum

Fjarlægið efnið og þræðið vélina á ný og í réttri röð. Neðri grípara, efri grípara, vinstri nál og hægri nál. (sjá KAFLA 3 "Þræðing"). Setjið efnið aftur undir saumfótinn og saumið ca. 3-5 cm yfir fyrri saum.



ATHUGIÐ


Skiljið aldrei eftir tituprjóna í efnunum þegar þið saumið þar sem þeir geta skemmt bæði nálar og hnífa vélarinnar.

Fín og þunn efni saumuð

1. Stillið þrýstinginn á saumfótinn til að koma í veg fyrir að efnin rykkist og gera bogalagaða sauma auðveldari. (Sjá KAFLA 1 "Stilling á þrýsting á saumfót".)
2. Losið um tvinnaspennurnar en munið að ef spennurnar eru of lausar, gæti það orsakað slit á tvinna og vélina gæti hlaupið yfir spor.

Til að nota fingur W

Þegar þið saumið teygjanleg efni, þá komið þið í veg fyrir að teygist á efnunum með því að nota saumafingurinn W og það án þess að breyta tvinnaspennunum.



Tveggja þráða saumar


Hvernig á að setja upp tvinna breytisettið

ATH:


Setjið tvinna breytisettið á vélina eftir að hafa þrætt hana og notað þræðarann fyrir nálina. (Þið getið ekki notað þræðarann eftir að breytisettið er komið á vélina.

Slökkvið á aðalrofanum svona bara til öryggis.


Snúið handhjólinu þannig að merkið á handhjólinu sé á móts við "TC" merkið á vélinni.




3. Haldið á breytisettinu ① með fingurgómunum þannig að bilið sé lokað eins og myndin að neðan sýnir.



4. Á meðan þið haldið á breytisettinu ①, ýtið þið gatinu á breytisettinu á efri hlutann af OL pinnanum ② þannig að OL pinninn fari í gegn um gatið.



5. Ýtið nú breytisettinu ① alveg niður þar til oddurinn ③ á breytisettinu verður settur í augað á efri gríparanum ④.



Fullvissið ykkur um að oddurinn sé í auganu á efri gríparanum

Stilling á grípara er lokið.

Tafla yfir tveggja þráða overlock

Sporlengd	3	
Sporbreidd	5 - 7	
Sauma fingur	setjið hann á	
Tvinnaspenna Vinstri nálartvinni	Fyrir þunn efni 2 (1 - 3)	Fyrir meðal efni 2 (1 - 3)
Vinstri nál	6 (5 - 7)	6 (5 - 7)
Neðri grípari	6 (5 - 7)	6 (5 - 7)
Hægri nál	2 (1 - 3)	2 (1 - 3)
Neðri grípari	6 (5 - 7)	6 (5 - 7)

Mjótt overlock/Rúllufaldur


Mjótt overlock og rúllufaldur er fallegur frágangur á þunn og meðal efni. Oft notað við frágang á jöðrum. Þessi saumur er saumaður með því að fjarlægja vinstri nálna og nota 3ja þráða overlock

Leiðbeiningar fyrir mjótt overlock og rúllufald

⚠ ATHUGIÐ

Slökkvið alltaf á aðalrofanum þegar þið fjarlægið eða setjið nál í vélina.


1 Fjarlægið vinstri nálna




ATH:

Varðandi hvaða tvinnu og nál á að nota bendum við á KAFLA 4 "töflu yfir efni, tvinnu og nálar".

2. Þræðið vélina fyrir þriggja þráða overlock og notið eingöngu hægri nálna.
3. Fjarlægið sporafingur <A>.
 - ① Lyftið saumfætinum.
 - ② Togið alla tvinnana aftur undan saumfætinum.
 - ③ Gætið að því að tvinninn sé ekki vafinn utan um spora fingurinn..
 - ④ Opnið lokið framan á vélinni.
 - ⑤ Snúið handhjólinu þar til efri gríparinn er í sinni neðstu stöðu.
 - ⑥ Togið fingurinn til hægri og fjarlægið hann.




- 4.G eymið fingurinn <A> og/eða sporafingur W innan á framlengingarborðinu.



ATH:


Munið að setja sporafingur þegar þið saumið venjulegt overlock.

5. Stillið sporbreiddarstillinn á stöðu "R".





<A> Viðmiðunarmerki

6. Stillið sporlengdina. Stillið sporlengdarstillinn á R 5 (fyrir mjótt overlock) en á 2 fyrir rúllufalda.



<A> Viðmiðunarmerki

Tafla fyrir mjótt overlock og rúllufald

	Rúllufaldur		Mjótt overlock	
Saumur	Rangan á efninu  Réttan á efninu		Rangan á efninu  Réttan á efninu	
Efni	Sjá KAFLA 4 "Samanburðar-tafla yfir efni, tvinna og nálar".		Sjá KAFLA 4 "Samanburðar-tafla yfir efni, tvinna og nálar".	
Nálartvinni	Sjá KAFLA 4 "Samanburðar-tafla yfir efni, tvinna og nálar".		Sjá KAFLA 4 "Samanburðar-tafla yfir efni, tvinna og nálar".	
Efri grípara tvinni	Sjá KAFLA 4 "Samanburðar-tafla yfir efni, tvinna og nálar".		Sjá KAFLA 4 "Samanburðar-tafla yfir efni, tvinna og nálar".	
Neðri grípara tvinni	Sjá KAFLA 4 "Samanburðar-tafla yfir efni, tvinna og nálar"..		Sjá KAFLA 4 "Samanburðar-tafla yfir efni, tvinna og nálar"..	
Sporlengd	R		R - 2.0	
Sporbreidd	R		R	
Sauma fingur	Fjarlægður		Fjarlægður	
Tvinnaspenna	Fín/punn efni	Meðalþykk efni	Fín/punn efni	Meðalþykk efni
Fyrir nálina	4 (3 - 5)	5 (4 - 6)	4 (3 - 5)	5 (4 - 6)
Fyrir efri grípara	5 (4 - 6)	5 (4 - 6)	5 (4 - 6)	6 (5 - 7)
Fyrir neðri grípara	7 (6 - 8)	7 (6 - 8)	5 (4 - 6)	6 (5 - 7)

KAFLI 6 GANGTRUFLANIR OG RÁÐ VIÐ ÞEIM

Þessi saumavél á að ganga án mikilla truflana, en samt geta komið upp vandamál sem geta orsakast af ýmsum orsökum, - rangri meðferð nú eða bilun í vélinni.

Vandamál	Orsök	Lausn
1. Flytur ekki efnið	Þrýstingur á saumfótinn er ekki nægjanlegur	Snúið skráfunni fyrir fótþrýsting réttisælis til að auka þrýsting á fótinn. (Sjá bls. 7.)
2. Nálin brotnar	1. Nálin er bogin eða oddlaus	Setjið nýja nál í vélina. (Sjá bls. 11.)
	2. Nálarar ekki rétt settar í vélina.	Setjið nálarar rétt í vélina. (Sjá bls. 11.)
	3. Þið togið í efnið	Ekki toga eða ýta á efnið.
3. Tvinninn slitnar	1. Vélin ekki rétt þrædd.	Þræðið vélina rétt. (Sjá bls. 13-18.)
	2. Tvinninn flæktur	Athugið kelfispinnann, tvinnastólinn o.s.frv.
	3. Tvinnaspennan of stíf	Stillið tvinnaspennuna. (Sjá bls. 8-10.)
	4. Nálarar ekki rétt settar í vélina	Yfirfarið (Sjá bls. 11.)
	5. Röng tegund af nál	Notið réttar nálar Schmetz 130/705H - ráðlagðar (Sjá bls. 11.)
	6. Oddurinn á breytisettinu er ekki í auganu á efri gríparanum.	Setjið oddinn á breytisettinu í augað á efri gríparanum. (Sjá bls. 24.)
4. Hleypur yfir spor	1. Nálin er bogin eða oddlaus.	Setjið nýja nál í vélina (Sjá bls. 11.)
	2. Nálin ekki rétt sett í vélina	Setjið nálina rétt í vélina. (Sjá bls. 11.)
	3. Röng tegund af nál	Notið réttar nálar. Schmetz 130/705H - ráðlagðar (Sjá bls. 11.)
	4. Vélin ekki rétt þrædd	Þræðið vélina rétt. (Sjá bls. 13-18.)
	5. Þrýsingur á saumfót of lítill	Snúið skráfunni fyrir fótþrýstinginn réttisælis til að auka þrýstinginn. (Sjá bls. 7.)
	6. Oddurinn á breytisettinu er ekki í auganu á efri gríparanum.	Setjið oddinn á breytisettinu í augað. á efri gríparanum. (Sjá bls. 24.)
5. Sporin eru ekki falleg	Tvinnaspennurnar eru ekki rétt stilltar.	Stillið tvinnaspennuna. (Sjá bls. 8-10.)
6. Efnið rykkist	1. Tvinnaspennan of stíf	Minnkið tvinnaspennuna þegar þið saumið þunn eða fín efni. (Sjá bls. 8-10.)
	2. Vélin ekki rétt þrædd eða tvinninn flæktur.	Yfirfarið þræðingarnar. (Sjá bls. 13-18.)

KAFLI 7


VIÐHALD

Hreinsun

ATHUGIÐ

Slökkvið á aðalrofanum áður en þið byrjið að hreinsa vélina.
Snúið handhjólinu og látið nálarnar vera niðri.

Hreinsið vélina reglulega af ryki, afklippum og tvinna með. burstanum sem fylgir vélinni.




Smurning

Hreyfanlega hluti vélarinnar (sýndir með ör) ætti að smyrja örlítið af og til þannig að vélin vinni auðveldlega og hljóðlega.

ATHUGIÐ

Slökkvið á aðalrofanum áður en þið opnið lokið framan á vélinni til að smyrja vélina.



ATH:

Smyrjið vélina áður en þið farið að nota hana.

Gætið þess að hreinsa alla ló og afklippur áður en þið smyrjið hana.

